

# Suðurnesjabær

**Húsakönnun í Útgarði**

**desember 2018**

KANON ARKITEKTAR
Laugavegi 26 • 101 Reykjavík • sími 512 4200 • kanon@kanon.is • www.kanon.is

## Efnisyfirlit


| | |
|---|---|
| Inngangur | 4 |
| Afmörkun húsakönnunar | 5 |
| Úr Aðalskipulagi Garðs 2013 - 2030 | 8 |
| Kort yfir byggingartímabil | 11 |
| Kort yfir byggingarefni | 13 |
| Húsverndarkort | 15 |
| Varðveislumat | 20 |
| Húsaskrá | 24-59 |
| Heimildir | 61 |




Ljósmynd: Hreinn Magnússon

# Inngangur

Hér fer á eftir húsakönnun á elstu byggð í Garði, Útgarði norðan við Skagabraut. Þar er um búsetuumhverfi og byggingar að ræða sem mikilvægt er að skrá og meta, til að koma í veg fyrir að byggðarsaga glatist eins og segir í 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 er: “sveitarfélögum skylt að skrá fornleifar þ.m.t. hús og mannvirki vegna deiliskipulagsgerðar”.
Á svæðinu, sem er tæplega 60 ha að stærð, eru um 50 byggingar, hús og útihýsi.

Með þessari skráningu eru einnig uppfyllt ákvæði skipulagslaga nr. 123/2010 um húsakönnun sbr. 37. gr. 6. mgr. þar sem segir m.a. „Þegar unnið er deiliskipulag í þegar byggðu hverfi skal lagt mat á varðveislugildi svipmóts byggðar og einstakra bygginga sem fyrir eru, með gerð húsakönnunar.“
“Þegar unnið er deiliskipulag í þegar byggðu hverfi skal gerð húsakönnun sem höfð skal til hliðsjónar við ákvörðun um réttindi, skyldur og kvaðir samfara hverfisvernd.“

Húsakönnunin er byggingarlistarleg og menningarleg úttekt; skoðun, skráning, greining og mat á einstökum húsum, byggðarumhverfi og heildarsvips, studd nauðsynlegum frumheimildum. Könnunin veitir yfirsýn yfir það svæði er reis einna fyrst í Garði og leifar elstu byggðar, mannvirkja og minja þar.

Tilgangur húsakannana er m.a. að tryggja að ákvarðanir um breytingar á byggð eða einstökum húsum séu teknar með þekkingu á gildi því sem þau hafa fyrir umhverfi sitt og komandi kynslóðir. Á grundvelli niðurstöðu könnunarinnar er mótuð stefna um vernd sérstakra gæða byggðar og bygginga. Húsakönnun er einnig, ásamt fornleifaskráningu, ein af meginforsendum við tillögugerð fyrir verndarsvæði í byggð. Þá er húsakönnun mikilvægt gagn til að uppfræða íbúa og læra af þeim um byggingararfleifð og umhverfi í sínu sveitarfélagi og til stofnunar vettvangs fyrir áhugasama um þann málaflokk. Könnunin er einnig grunnur fyrir og hvatning til umsóknar styrkja úr húsafriðunarsjóði til að gera upp merk hús. Unnið er eftir leiðbeiningum, skráningar- og matskerfi Minjastofnunar íslands og Húsafriðunarnefndar um byggða- og húsakannanir, frá árinu 2018.



Sjávargata



Útskálar




Afmörkun húsakönnunar - Útgarður




Afmörkun húsakönnunar
N
Eldri viti
Viti
Safn
100
102
HÓLAVELLIR
86
Skagahóll
GRUND
82
HOF
72a
EFRA-HOF
78
BLÓMSTURVELLIR
76
SJÁVARGATA
72
SKAGABRAUT
LAMBASTAÐAVÖR
LAMBASTAÐIR
62a
SKIPHÓLL
64
GIMLI
HÓLMSTEINN
LÓNSHÚS
VON
AKURHÚS
SKULD
7
1
6
NÝLENDA
56
AKURHÚSVEGUR
48b
GUÐLAUGSSTAÐIR
MÓHÚS
48
GLAUMBÆR
46
URÐARFELL
44
NÝIBÆR
44a
VARMAHLÍÐ
42
BALI
38
HVOLL
36
MÓAKOT
34
PRESTHÚS
30
GARÐHÚS
28
SMÁRAFLÖT
24
ÚTSKÁLAR
ÚTSKÁLAKIRKJA
VATNAGARÐAR
ODDSSKÚRAR
MIÐHÚS
SÓLBAKKI
ÁSGARÐUR
ÞINGHOLT


Loftmynd

Í Aðalskipulag Sveitarfélagsins Garðs 2013-2030 er lögð sérstök áhersla á verndun byggingararfsins og menningarminja og sett þar fram markmið um gerð húsakönnunar.

Í leiðarljósi í kaflanum um Byggð segir m.a.:“Lögð verði áhersla á góða ásýnd byggðar og umhverfis þar sem tryggt er samhengi eldri byggðar og stakstæðra býla við framtíðarbyggð. Eitt af markmiðum í kjölfar leiðarljóss er: “Gera húsum sem falla undir minjalög (friðuð) til góða.”

Niðurstöður úttektar og mats á byggingum eru settar fram í húsaskrá, texta, ljósmyndum og kortum með byggingartímabili og byggingarefni húsa, húsverndarkorti og varðveislumati.

Unnið var að húsakönnuninni í samvinnu við embættismenn og framkvæmda- og skipulagsráð Suðurnesjabæjar.
Sveitarfélagið hlaut styrk frá Húsafriðunarsjóði til þessa verks.
Vettvangskönnun og myndataka fór fram árið 2018.


Ströndin á Garðskaga




Aðalskipulag Sveitarfélagsins Garðs 2013-2030, þéttbýlisuppdráttur.

Kort af Skagagarði, úr Gerðahreppur 90 ára.





Garðskagavitarnir tveir kallast á og setja svip á svæðið.


N
Eldri viti
Viti
Safn
100
102
HÓLAVELLIR
86
Skagahóll
GRUND
82
HOF
72a
EFRA-HOF
78
BLÓMSTURVELLIR
76
SJÁVARGATA
72
SKAGABRAUT
LAMBASTAÐAVÖR
LAMBASTAÐIR
62a
SKIPHÓLL
64
HÓLMSTEINN
LÓNSHÚS
VON
AKURHÚS
SKULD
7
NÝLENDA
56
GIMLI
AKURHÚSVEGUR
1
6
48b
MÓHÚS
48
GLAUMBÆR
46
URÐARFELL
44
NÝIBÆR
44a
VARMAHLÍÐ
42
BALI
38
HVOLL
36
MÓAKOT
34
PRESTHÚS
30
GARÐHÚS
28
SMÁRAFLÖT
ÚTSKÁLAR
ÚTSKÁLAKIRKJA
VATNAGARÐAR
ODDSSKÚRAR
MIÐHÚS
SÓLBAKKI
GUÐLAUGSSTAÐIR
ÁSGARÐUR
ÞINGHOLT
Hús byggð 1918 eða fyrr
Hús byggð 1919 til 1925
Hús byggð 1926 til 1955
Hús byggð 1956 og síðar
KORT YFIR BYGGINGARTÍMABIL


Garðskagaviti eldri, byggður árið 1897.


Útskálakirkja


N
Eldri viti
Viti
Safn
100
102
HÓLAVELLIR
86
Skagahóll
GRUND
82
HOF
72a
LAMBASTAÐAVÖR
EFRA-HOF
78
BLÓMSTURVELLIR
76
SJÁVARGATA
72
SKAGABRAUT
LAMBASTAÐIR
62a
SKIPHÓLL
64
HÓLMSTEINN
LÓNSHÚS
VON
AKURHÚS
SKULD
7
NÝLENDA
56
GIMLI
1
6
ÁKURHÚSVEGUR
48b
MÓHÚS
48
GLAUMBÆR
46
URÐARFELL
44
NÝIBÆR
44a
VARMAHLÍÐ
42
BALI
38
HVOLL
36
MÓAKOT
34
GUÐLAUGSSTAÐIR
ÚTSKÁLAR
ÚTSKÁLAKIRKJA
VATNAGARÐAR
ODDSSKÚRAR
PRESTHÚS
30
GARÐHÚS
28
SMÁRAFLÖT
MIÐHÚS
SÓLBAKKI
ÁSGARÐUR
ÞINGHOLT
Timburhús
Steinhús
Klædd steinhús
KORT YFIR BYGGINGAREFNI

Á húsverndarkorti eru eftirfarandi verndarflokkar auðkenndir:

- Friðlýst hús, auðkennd með bláum lit. Óheimilt er að gera nokkrar breytingar á friðlýstu húsi eða mannvirki án vitundar Minjastofnunar Íslands. Við endurbætur og viðhald friðlýstra húsa og mannvirkja skal leita álits og ef til þarf leyfis Minjastofnunar Íslands með minnst sex vikna fyrirvara. Friðlýsing er þinglýst kvöð. Sjá einnig 31.gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.
- Í 29. gr. sömu laga, segir: "Öll hús og mannvirki sem eru 100 ára og eldri eru friðuð". Þetta gildir nú (desember 2018) um hús og mannvirki byggð 1918 eða fyrr skv. fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands. Viðbætur verða á skrá miðað við byggingarár. Óheimilt er að raska friðuðum húsum og mannvirkjum, spilla þeim eða breyta, rífa þau eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.
- Umsagnarskyld hús og mannvirki sem ekki njóta friðunar en byggð voru 1925 eða fyrr og kirkjur sem reistar voru 1940 eða fyrr og til stendur að breyta, flytja eða rífa, eru auðkennd með appelsínugulum lit. Skylt er að leita umsagnar Minjastofnunar í samræmi við 30. gr. ofangreindra laga. Stofnuninni er heimilt að leggja til skilyrði um slíkar framkvæmdir eða gera tillögu um friðlýsingu umrædds húss eða mannvirkis
- Einstök hús, húsaraðir og götumyndir sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi vegna byggingarlistarlegrar, menningarsögulegrar og/eða umhverfislegrar sérstöðu þeirra, auðkennd með rauðum lit.
- Samstæður húsa og heildir sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi vegna umhverfislegrar sérstöðu þeirra, auðkennd með gulum lit.


N
Eldri viti
Viti
Safn
100
102
HÓLAVELLIR
86
Skagahóll
GRUND
82
HOF
72a
EFRA-HOF
78
BLÓMSTURVELLIR
76
SJÁVARGATA
72
SKAGABRAUT
LAMBASTAÐAVÖR
LAMBASTAÐIR
62a
SKIPHÓLL
64
GIMLI
NÝLENDA
56
SKULD
7
HÓLMSTEINN
LÓNSHÚS
VON
AKURHÚS
1
6
AKURHÚSVEGUR
48b
MÓHÚS
48
GLAUMBÆR
46
URÐARFELL
44
VARMAHLÍÐ
42
NÝIBÆR
44a
BALI
38
HVOLL
36
MÓAKOT
34
PRESTHÚS
30
GARÐHÚS
28
SMÁRAFLÖT
ÚTSKÁLAR
ÚTSKÁLAKIRKJA
VATNAGARÐAR
ODDSSKÚRAR
MIÐHÚS
SÓLBAKKI
GUÐLAUGSSTAÐIR
ÁSGARÐUR
ÞINGHOLT
Friðlýst hús
Friðuð hús - 100 ára og eldri (2018)
Umsagnarskyld hús og mannvirki
byggð fyrir 1925
Tillaga um hverfisvernd á einstöku húsi,
húsaröð eða götumynd
Tillaga um hverfisvernd á
samstæðum húsum og heild
HÚSVERNDARKORT

Varðveislumat

| | Friðun skv. lögum um menningar-minjar | Hverfisverndar-flokkur | Byggingarár | Byggingarefni |
|---|---|---|---|---|
| **Útgarður** | | | | |
| Skagabraut 24 - Smáraflöt | | Gulur | 1970 | Steinsteypt |
| Skagabraut 28 - Garðhús | | Gulur | 1937 | Steinsteypt |
| Skagabraut 30 - Presthús | | Gulur | 1942 | Steinst. og timbur |
| Skagabraut 34 - Móakot | | Gulur | 1934 | Steinsteypt |
| Skagabraut 36 - Hvoll | | Gulur | 1969 | Hlaðið úr steini |
| Skagabraut 38 - Bali | | Gulur | 1966 | Steinsteypt |
| Skagabraut 42 - Varmahlíð | | Gulur | 1957 | Steinsteypt |
| Skagabraut 44 - Urðarfell | | Gulur | 1944 | Timbur |
| Skagabraut 44a - Nýibær | Friðað | Fjólublár | 1911 | Timbur |
| Skagabraut 46 - Glaumbær | | Gulur | 1954 | Timbur |
| Skagabraut 48 Móhús | | Gulur | 1930 | Timbur |
| Skagabraut 48b - Spennistöð | | | 1963 | Steinsteypt |
| Skagabraut 56 - Nýlenda | | Gulur | 1942 | Steinsteypt |
| Skagabraut 62a - Lambastaðir | | Gulur | 1944 | Steinsteypt |
| Skagabraut 64 - Skiphóll | | Gulur | 1971 | Timbur |
| Skagabraut 72 - Sjávargata | Friðað | Fjólublár | 1905 | Timbur |
| Skagabraut 72a - Hof | | Rauður | 1927 | Steinst. og timbur |
| Skagabraut 76 - Blómsturvellir | Umsagnarskyld | Gulur | 1920 | Timbur |
| Skagabraut 78 - Efra-Hof | | Rauður | 1935 | Timbur |
| Skagabraut 82 - Grund | | Rauður | 1932 | Timbur |
| Skagabraut 86 - Hólavellir | Umsagnarskyld | Gulur | 1920 | Steinsteypt |
| Skagabraut 100 | | Gulur | 1958 | Steinsteypt |
| Skagabraut 102 - Vitavarðahús | | Rauður | 1933 | Steinsteypt |
| Hólmsteinn | | Gulur | 1972 | Steinst. og timbur |
| Lónshús | Friðað | Fjólublár | 1906 | Steinst. og timbur |
| Von | | Gulur | 1964 | Timbur |
| Akurhús | | Gulur | 1932 | Timbur |
| Akurhús 1 | Friðað | Fjólublár | 1912 | Timbur |
| Akurhús 6 | | Gulur | 1932 | Timbur |
| Akurhúsavegur 7 - Skuld | Umsagnarskyld | Gulur | 1924 | Timbur |
| Útskálar | Friðað | Fjólublár | 1890 | Timbur |
| Útskálakirkja | Friðlýst | Blár | 1861 | Timbur |
| Garðskagaviti | | Rauður | 1944 | Steinsteypt |
| Garðskagaviti eldri | Friðlýst | Blár | 1897 | Steinsteypt |
| Lambastaðavör - sjóhús | | Gulur | | |
| Oddsskúrar í Útskálalandi | | Gulur | 1935 | Timbur |
| | | | | |
| | | | | |

Niðurstaða skráningar og mat er sett fram í fimm liðum í samræmi við skráningarform Minjastofnunar Íslands.

- Byggingarlist: Matið byggir á núverandi útliti. Litið er til hlutfalla, samsvörunar í útliti og samspils forma, efnismeðferðar og notagildis.
- Menningarsögulegt gildi: Litið er til staðbundinnar eða sérstakrar byggingarhefðar, tæknilegra atriða og efnisvals út frá byggingartíma. Hlutverk byggingarinnar og tengingar við sögu og þróun.
- Umhverfisgildi: Lagt er mat á mikilvægi byggingarinnar fyrir nærliggjandi umhverfi og samspil við nálæg mannvirki.
- Upprunaleiki: Litið er til þess hvernig upprunalegt svipmót byggingar hefur varðveist. Metið hvernig breytingar falla að upprunalegri gerð.
- Ástand: Almennt mat á ástandi og viðhaldi.

Niðurstaða varðveislumats er metið út frá ofangreindum þáttum þar sem sjónarmið byggingarlistar, menningarsögu og umhverfis vega þyngst.

Matið er sett fram í þremur stigum:

- Byggingar með **hátt** varðveislugildi. Friðlýstar byggingar og önnur mannvirki með ótvírætt varðveislugildi, sbr. V. og VII. kafla laga um menningarminjar nr. 80/2012
- Byggingar með **miðlungs** varðveislugildi. Friðaðar byggingar með lítið varðveislugildi og önnur hús með miðlungs varðveislugildi. Fyrir byggingar sem ekki falla undir verndun skv. lögum um menningarminjar nr. 80/2012 er matið leiðbeinandi um hverfisvernd sbr. 6. mgr. 12. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eða friðlýsingu skv. 18. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.
- Byggingar með **lágt** varðveislugildi. Byggingar sem falla ekki undir lög um menningarminjar og hafa lítið eða ekkert varðveislugildi.



Hof, byggt árið 1927.



Horft í átt að Útskálum og Útskálakirkju.

## Húsaskrá



Garðskagaviti og vitavarðahúsið

Upphafleg notkun: Íbúð
Hönnuður: Núverandi notkun: Íbúð





| **Gerð húss:** | **Upphafleg:** | **Núverandi:** | **Helstu breytingar:** | **Hönnuðir breytinga:** |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt | 1983 Bílskúr | |
| Útveggir: | | | | |
| Þakgerð: | Flatt þak | Flatt þak | | |
| Þakklæðning: | | | | |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útlit: | Einlyft<br>Reykháfur | Einlyft<br>Reykháfur<br>Bílskúr | | |

## Saga

Júlíus Guðmundsson skipsstjóri og Sólveig Óskarsdóttir byggðu húsið. Bergmann Þorleifsson líklega byggingarmeistari.
Húsið er hluti götumyndar þar sem húsaröð norðan Skagabrautar myndar samstæða heild.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Hefðbundið íbúðarhús. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Íbúðarhús |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Er hluti af götumynd. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Bílskúr rýrir upprunaleika. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | ATH |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Hefur varðveislugildi sem hluti götumyndar. |
| Verndarflokkar: | | |
| | Varðveisluverð heild - gulur litur á korti | |

Upphafleg notkun: Íbúð

Hönnuður:

Núverandi notkun: Íbúð



Garðhús.




## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt | 1986 Viðbygging fyrir anddyri | Teiknistofan Artik, |
| Útveggir: | | Steniklæðning | | |
| Þakgerð: | Valmaþak | Valmaþak | Pallur á bakhlið | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útlit: | Einlyft<br>Kjallari | Einlyft<br>Viðbygging<br>Kjallari | | |

## Saga

Upprunalegt hús frá 1937, steinhús með valmaþaki, er dæmigert fyrir íbúðarhús þess tíma.
Guðmundur Eiríksson byggði húsið í landi prestsetursins Útskálar. Suðausturhluti hússins var byggður 1937 og suðvesturhlutinn var byggður 1960.
Á teikningum frá 1986 hefur síðan verið bætt við anddyri í lítilli viðbyggingu á suðvesturhlið hússins. Þar kemur einnig fram ný uppskipting í nokkrum gluggum. Í dag hefur uppskiptingu verið breytt í öllum gluggum frá því sem var upprunalegt. Á norðausturhlið hefur verið bætt við palli án handriðs, dyrum í kjallara og á aðalhæð og gluggum breytt/stækkaðir.
Húsið er klætt steniplötum og að litlum hluta með timburklæðningu að aftan.
Fyrir framan hús er stór pallur með timburveggjum, gólf að hluta úr timbri og að hluta hellulagt.
Húsið þarfnast viðhalds, s.s. gluggar, þak og þakkantur.
Húsið er hluti götumyndar þar sem húsaröð norðan Skagabrautar myndar samstæða heild.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Hefðbundið íbúðarhús. Útveggjaklæðning rýrir ásýnd. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Íbúðarhús |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Er hluti af götumynd. |
| Upprunalegt gildi: | Lágt | Viðbyggingar ásamt nýrri klæðningu rýra upprunalegt yfirbragð hússins. |
| Tæknilegt ástand: | Lágt | Húsið þarfnast viðhalds. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Hefur varðveislugildi sem hluti götumyndar. |
| Verndarflokkar: | | |
| | Varðveisluverð heild - gulur litur á korti | |

Upphafleg notkun: Íbúð/Presthús / Íbúð
Hönnuður: Núverandi notkun: Íbúð/Presthús




## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steyptur kj., hæð úr timbri | Steyptur kj., hæð úr timbri | 1980 Stækkun | Hreggviður Guðgeirsson, Smiður |
| Útveggir: | | Álplötur sléttar | | |
| Þakgerð: | Valmaþak | Valmaþak | 1984 Bílskúr | Hreggviður Guðgeirsson, Smiður |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útlit: | Einlyft<br>Ris<br>Kjallari | Einlyft<br>Ris<br>Svalir<br>Kjallari<br>Viðbygging<br>Bílskúr | | |

## Saga

Upprunalegt hús frá 1942, húsform og þakgerð, er dæmigert fyrir íbúðarhús þess tíma.
Oddur Jónsson bóndi byggði húsið og Ásgeir Hjálmarsson, dóttursonur Odds, bjó þar síðar og stóð fyrir breytingunum á húsinu sem gerðar voru árið 1980. Breytingarnar fólust í því að byggja við gaflana á bæði austur- og vesturhlið þess árið 1980.
Aðalhæðin hefur verið klædd að utan með sléttum álplötum en útveggur á kjallara er pússaður og málaður.
Bílskúr er vestan við húsið sem byggður er á gömlu fjósi.
Húsið er hluti götumyndar þar sem húsaröð norðan Skagabrautar myndar samstæða heild.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Lágt | Látlaust íbúðarhús sem byggt hefur verið við. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Íbúðarhús. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Er hluti af götumynd. |
| Upprunalegt gildi: | Lágt | Húsið hefur verið stækkað mikið og hlutföll hafa breyst sem rýrir upprunaleika. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsið og bílskúrinn eru í mjög góðu ástandi. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Hefur varðveislugildi sem hluti götumyndar. |

Verndarflokkar:

Varðveisluverð heild - gulur litur á korti

Upphafleg notkun: Íbúð
Hönnuður: Núverandi notkun: Íbúð



Móakot í Garði, bernskuheimili Geirs, eins og það lítur út í dag.



## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt | 1967 Viðbygging | Bergmann Þorleifsson, |
| Útveggir: | Bárujárn | Steniklæðning | | |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak | 1935 Bílskúr | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útlit: | Tvílyft<br>Ris<br>Reykháfur | Tvílyft<br>Ris<br>Viðbygging<br>Reykháfur<br>Útitröppur<br>Bílskúr | | |

## Saga

Geirþrúður Sigurjónsdóttir og Bogi R. Guðlaugsson byggðu húsið. Geirþrúður og seinni maður hennar Kristinn J. Einarsson bjuggu svo í Móakoti til 1950.
Húsið var stækkað 1967 þegar Óskar Sigurjónsson var eigandi þess. Timburútistigi sem er utanáliggjandi á viðbyggingunni er ekki á teikningu og er illa farinn.
Húsið er klætt steni plötum, viðarklæðningu og múr.
Vestan við húsið er stór bílskúr byggður 1935, klæddur trapísustáli, bárujárni og steniklæðningu. Steinahleðsla í garði.
Bæði húsið og bílskúr þarfnast viðhalds.
Húsið er hluti götumyndar þar sem húsaröð norðan Skagabrautar myndar samstæða heild.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Lágt | Dæmigert íbúðarhús upprunalega en seinni tíma viðbygging stingur í stúf við aðalhús. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Íbúðarhús. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Er hluti af götumynd. |
| Upprunalegt gildi: | Lágt | Form viðbyggingar og klæðning húss rýrir upprunalegt yfirbragð hússins. |
| Tæknilegt ástand: | Lágt | Hús og bílskúr þarfnast viðhalds. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Hefur varðveislugildi sem hluti götumyndar. |

Verndarflokkar:

Varðveisluverð heild - gulur litur á korti

Upphafleg notkun: Íbúð
Hönnuður:
Núverandi notkun: Íbúð





## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Hlaðið, holsteinn | Hlaðið, holsteinn | 1976 Bílskúr | Bergmann Þorleifsson, |
| Útveggir: | | Steniklæðning | | |
| Þakgerð: | Einhalla (skúrþak) | Einhalla (skúrþak) | | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útlit: | Einlyft | Einlyft<br>Viðbygging<br>Bílskúr | | |

## Saga

Árið 1976 þegar Svavar Óskarsson var eigandi var byggður bílskúr úr hleðslusteini norðan við húsið.
Húsið og bílskúrinn er klætt steniplötum og trapísustáli á þakkanti.
Timburverönd með timburveggjum. Malbikað bílastæði á lóð.
Húsið er hluti götumyndar þar sem húsaröð norðan Skagabrautar myndar samstæða heild.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Látlaust íbúðarhús. Útveggjaklæðning rýrir ásýnd. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Íbúðarhús. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Er hluti af götumynd. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Seinni tíma bílskúr og viðbygging ásamt klæðningu rýra upprunaleika. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Klæðning er farin að láta á sjá. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Hefur varðveislugildi sem hluti götumyndar. |

Verndarflokkar:

Varðveisluverð heild - gulur litur á korti

Hönnuður:

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð





| **Gerð húss:** | **Upphafleg:** | **Núverandi:** | **Helstu breytingar:** | **Hönnuðir breytinga:** |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt | 1981 Viðbygging | Hreggviður Guðgeirsson, Smiður |
| Útveggir: | | Steniklæðning | | |
| Þakgerð: | Einhalla (skúrþak) | Einhalla (skúrþak) | 1973 Bílskúr | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útlit: | Einlyft | Einlyft<br>Viðbygging<br>Bílskúr | | |

## Saga

Sóknarprestur í Útskálaprestakalli leigði Andrési Jónassyni og Guðlaugu Bragadóttur lóð úr Nýjabæjarlandi undir nýtt íbúðarhús árið 1966.
Bílskúr byggður vestan við húsið 1973. Viðbygging var gerð á suðausturhlið hússins við stofu árið 1981. Steniklæðning virðist nýleg en þakkantur þarfnast viðhalds.
Timburpallur með timburveggjum og heitum potti.
Malarbílastæði á lóð. Timburgirðing sem þarfnast viðhalds.
Húsið er hluti götumyndar þar sem húsaröð norðan Skagabrautar myndar samstæða heild.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Látlaust íbúðarhús, klæðning rýrir ásýnd hússins. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Íbúðarhús. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Er hluti af götumynd. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Seinni tíma bílskúr og viðbygging ásamt klæðningu rýra upprunaleika. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Húsið er í ágætu ástandi en þakkantur þarfnast viðhalds. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Hefur varðveislugildi sem hluti götumyndar. |
| Verndarflokkar: | | |
| | Varðveisluverð heild - gulur litur á korti | |

Byggingarár: 1957 | Skagabraut 42 | Varmahlíð

Upphafleg notkun: Íbúð
Hönnuður:
Núverandi notkun: Íbúð

 

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt | 1974 Bílskúr | |
| Útveggir: | Múrsléttað | Múrsléttað | | |
| Þakgerð: | Gaflsneitt þak | Gaflsneitt þak | Sólskáli | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útlit: | Tvílyft<br>Kvistir<br>Ris<br>Svalir<br>Útitröppur | Tvílyft<br>Kvistir<br>Svalir<br>Glerskáli/Sólstofa<br>Ris<br>Útitröppur<br>Bílskúr | | |

## Saga

Heiðar Þorsteinsdóttir og Ingibjörg Gísladóttir létu byggja húsið.
Stæðilegt hús með útskoti, kvistum og svölum.
Bílskúr byggður norðvestan við húsið árið 1974, tengist húsi með vegg. Sólskáli á suðausturhlið hússins.
Þak þarfnast viðhalds en að öðru leyti gott ástand á húsinu og snyrtileg lóð.
Malbikað plan er við húsið og steyptur kantur er við aðkomu.
Húsið er hluti götumyndar þar sem húsaröð norðan Skagabrautar myndar samstæða heild.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Stæðilegt hús. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Myndarlegt íbúðarhús. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Er hluti af götumynd. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Bílskúr með tengivegg og sólskáli rýra upprunaleika. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Hús í góðu ástandi. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Hefur varðveislugildi sem hluti götumyndar. |

Verndarflokkar:

Varðveisluverð heild - gulur litur á korti

Upphafleg notkun: Íbúð

Hönnuður: Núverandi notkun: Íbúð




## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur | Timbur | 1970 Bílskúr | |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Þakgerð: | Valmaþak | Valmaþak | | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útlit: | Einlyft<br>Kjallari<br>Útitröppur | Einlyft<br>Útitröppur<br>Kjallari<br>Bílskúr | | |

## Saga

Upprunalegt hús frá 1944, húsform og þakgerð, er dæmigert fyrir íbúðarhús þess tíma.
Bragi Einarsson skipsstjóri og Kristín Hansdóttir Wium byggðu húsið. Það var byggt úr timbri Koxskipsins Honterstroom sem hafði strandað á Garðskaga.
Engar teikningar eru til af húsinu.
Viðbyggingin í norðvesturhluta hússins var reist u.þ.b. árið 1955.
Bílskúr var byggður vestan við útbyggingu hússins árið 1970, þar stóð áður timburskúr..
Nýlegt ómálað bárujárn á húsinu öllu og bílskúr. Þakkantur þarfnast viðhalds.
Við hús er steyptur pallur og tröppur, búið er að klæða þetta timbri og gera stóran viðarpall með veggjum.
Umhverfis húsið er timburgirðing með steyptum sökkli og súlum, steypti hlutinn þarfnast viðhalds.
Húsið er hluti götumyndar þar sem húsaröð norðan Skagabrautar myndar samstæða heild.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Látlaust íbúðarhús. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Íbúðarhús. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Er hluti af götumynd. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Bílskúr byggður síðar rýrir upprunaleika. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsið er í góðu ástandi. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Hefur varðveislugildi sem hluti götumyndar. |
| Verndarflokkar: | | |
| | Varðveisluverð heild - gulur litur á korti | |

Upphafleg notkun: Íbúð
Hönnuður: Núverandi notkun: Íbúð





## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur | Timbur | Viðbyggingar | |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak | | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útlit: | Kjallari<br>Tvílyft<br>Ris<br>Útitröppur<br>Kvistir<br>Reykháfur | Tvílyft<br>Kvistir<br>Ris<br>Útitröppur<br>Viðbygging<br>Kjallari | | |

## Saga

Jón Eiríksson byggði Nýjabæ, þ.e.a.s. upprunalega húsið, miðhluta hússins. Dóttir hans Laufey ásamt Sigurgeiri Jónssyni stóð líklega fyrir því að húsið væri stækkað til norðausturs og anddyri bætt við í kringum árið 1930. U.þ.b. 10-15 árum síðar létu Dagbjört Jónsdóttir og Einar Helgason gera viðbyggingu á suðvesturhlið upprunalega hlutans.
Engar teikningar eru til af húsinu. Húsið samanstóð af tveimur matshlutum sem voru sameinaðir í einn árið 2000.
Húsið hefur tekið umtalsverðum breytingum í tímans rás og orðið nokkuð sérstakt að formi.
Innakstur er í kjallarann. Sunnan við húsið er umfangsmikill viðarpallur með veggjum. Austan við húsið er dýragerði afmarkað með girðingu og smáhýsi úr timbri.
Húsið virðist nýuppgert, er í mjög góðu ástandi.
Fyrir framan húsið er hellulagt plan og þar fyrir framan er stórt malbikað plan.
Húsið er í töluverði fjarlægð frá Skagabraut og nágrannahúsum. Það er áberandi í umhverfi sínu og stendur eitt í landslaginu, búsetulandslag sem einkennir Útgarð.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Breytingar og viðbyggingar rýra ásýnd. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Eitt af gömlum býlum á svæðinu. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Er áberandi í umhverfi sínu. Gildi felst í gamalli staðsetningu býlis í umhverfinu. |
| Upprunalegt gildi: | Lágt | Húsinu hefur verið breytt mikið, byggt við í áföngum og upprunaleiki rýrður. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsið er í mjög góðu ástandi. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Hefur varðveislugildi sökum aldurs og staðsetningar. |

Verndarflokkar:

Friðuð hús - fjólublár litur á korti

Upphafleg notkun: Iðnaður
Hönnuður: Núverandi notkun: Íbúð / Gistihús





## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timburgrind | Timburgrind | 2010 Breytingar vegna breyttrar notkunar. | Þorleifur Björnsson, |
| Útveggir: | Álklæðning | Álklæðning | | |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak | | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útlit: | Tvílyft<br>Ris | Tvílyft<br>Inngönguskúr (bíslag)<br>Ris | | |

## Saga

Þarna stóð steypt þurrkhús sem brann u.þ.b. árið 1953, steyptir veggir stóðu eftir og eru hluti af núverandi húsi, suðurhluta neðri hæðar. Húsið var lengi notað fyrir verbúðir og þá hýsti elsti hlutinn eldhús og matsal. Um eða uppúr 1975 var verbúðunum breytt í íbúðir.
Útveggir hússins voru byggðir upp með timburgrind klædd með borðum og forskalað með múr að innan og utan.
Síðar var sett timburgrind utan á húsið, það einangrað með plasteinangrun og klætt með álklæðningu.
Til eru samþykktar teikningar undirritaðar af Þorleifi Björnssyni frá árunum 2010 og 2011 þar sem breytingar eru kynntar vegna fyrirhugaðrar gistileigustarfsemi. Árið 2011 var sótt um að breyta húsnæðinu í gistiheimilinu.
Á lóðinni eru timburskjólveggir sem afmarka hellulagt plan.
Húsið er hluti götumyndar þar sem húsaröð norðan Skagabrautar myndar samstæða heild.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Einföld bygging. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Íbúðarhús. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Er hluti af götumynd. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Sennilega nálægt sínu upprunalegu útliti. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Húsið er í frekar góðu ástandi. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Hefur varðveislugildi sem hluti götumyndar. |

Verndarflokkar:

Varðveisluverð heild - gulur litur á korti

Hönnuður:

Upphafleg notkun:
Núverandi notkun: Íbúð





| **Gerð húss:** | **Upphafleg:** | **Núverandi:** | **Helstu breytingar:** | **Hönnuðir breytinga:** |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur | Timbur | 1985 Stækkun á anddyri | BB, |
| Útveggir: | Bárujárn | Steniklæðning | | |
| Þakgerð: | Valmaþak | Valmaþak | 1950 Bílskúr | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útlit: | Einlyft<br>Ris | Einlyft<br>Viðbygging<br>Kjallari<br>Útitröppur<br>Ris<br>Bílskúr | | |

## Saga

Matthías Oddsson smiður byggði húsið og bjó þar alla tíð ásamt konu sinni Guðrúnu Þorleifsdóttur.
Húsið hélt sínu upprunalegu formi til u.þ.b. ársins 1942, upp úr því breyttist húsið töluvert.
Anddyri hússins var stækkað 1985. Bílskúr, líklega gerður úr gamla fjósinu, er norðan við húsið, í dágóðri fjarlægð.
Timburskjólveggir eru við austurhlið hússins. Norðan við húsið stendur lítil útigeymsla klædd steniplötum eins og húsið.
Steypt stétt er við steyptar útitröppur og þar við er malarplan. Útitröppurnar þarfnast viðhalds.
Húsið er hluti götumyndar þar sem húsaröð norðan Skagabrautar myndar samstæða heild.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Viðbygging hefur breytt hlutföllum hússins. Útveggjaklæðning rýrir ásýnd. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Íbúðarhús. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Er hluti af götumynd. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Seinni tíma viðbygging og klæðning rýra upprunaleika. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Húsið er í mjög góðu ástandi en útitröppur þarfnast viðhalds. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Hefur varðveislugildi sem hluti götumyndar. |

Verndarflokkar:

Varðveisluverð heild - gulur litur á korti

Upphafleg notkun: Spennistöð

Hönnuður: Verkfræðistofa Suðurnesja

Núverandi notkun: Spennistöð





| **Gerð húss:** | **Upphafleg:** | **Núverandi:** | **Helstu breytingar:** | **Hönnuðir breytinga:** |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt | 1986 Breyting á þaki og stækkun | |
| Útveggir: | | Steniklæðning | | |
| Þakgerð: | Flatt þak | Mænisþak | | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | | | | |
| Útlit: | Einlyft | Einlyft | | |

## Saga

Smáhýsi á horni Skagabrautar og Akurhúsvegar fyrir spennistöð.
Til eru teikningar dagsettar 25.sept. 1986 með breytingardagsetningunni 1.des. 1989 þar sem útliti er breytt. Hýsið var upphaflega með flötu þaki, árið 1986 var hýsið stækkað og sett mænisþak.
Hýsið er hluti af götumynd.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Lágt | Einfalt smáhýsi. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Spennistöð, með tilkomu hennar eflist rafvæðing svæðisins. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Er hluti götumyndar. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Útlitsbreytingar rýra upprunaleika. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Í ágætis ástandi. |
| **Varðveislugildi:** | Lágt | Hefur ekki varðveislugildi. |
| Verndarflokkar: | | |

Upphafleg notkun: Íbúð
Hönnuður:
Núverandi notkun: Íbúð




## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt | 1967 Bílskúr | |
| Útveggir: | Múrsléttað | Múrsléttað | | |
| Þakgerð: | Valmaþak | Valmaþak | | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útlit: | Einlyft<br>Ris<br>Kjallari<br>Útitröppur | Einlyft<br>Ris<br>Kjallari<br>Útitröppur<br>Bílskúr | | |

## Saga

Steinhús með valmaþaki frá 1942, dæmigert íbúðarhús þess tíma.
Pálína Hreiðbjörg Þorleifsdóttir sem var fædd á Hofi og Gestur Einarsson skipstjóri byggðu húsið Nýlendu og bjuggu þar alla tíð. Þar sem bílskúrinn stendur í dag var fjós/hlaða sem brann.
Húsið er í mjög góðu ásigkomulagi enda nýlega endurbyggt, en bílskúrinn sem stendur austan við íbúðarhúsið, er úr steypu og timbri og þarfnast viðhalds.
Í kringum húsið er áberandi og umfangsmikil lóðarútfærsla; sökkull, tröppur, veggir utan um afmarkað rými og stétt við stigahús og anddyri allt steypt.
Húsið er hluti götumyndar.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Látlaust íbúðarhús. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Íbúðarhús. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Er hluti af götumynd. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Yfirbygging stigahúss og anddyris sennilega síðari tíma breyting. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsið er í mjög góðu ástandi. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Hefur varðveislugildi sem hluti götumyndar. |
| Verndarflokkar: | | |
| | Varðveisluverð heild - gulur litur á korti | |

Upphafleg notkun: Íbúð
Hönnuður: Arinbjörn Þorkelsson
Núverandi notkun: Gistiheimili





## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útveggir: | | Steniklæðning |
| Þakgerð: | Valmaþak | Valmaþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Trapisustál |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft<br>Kjallari<br>Útitröppur<br>Ris | Einlyft<br>Kjallari<br>Útitröppur<br>Ris |

| Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|
| 2011 Breyting á íbúðarhúsnæði | Ingiþór björnsson, Byggingatæknifræðingur |
| 2012 Breyting á bílgeymslu | Verkmáttur, |
| 2014 Breyting á útihúsi | Þórhallur Garðarsson , Byggingatæknifræðingur |
| 1975 Bílskúr, þrefaldur | |
| 1946 Útihús, fyrrum fjós | |

## Saga

Steinhús með valmaþaki frá 1944, dæmigert íbúðarhús þess tíma.
Guðmundur Þorgeirsson kokkur var fyrsti eigandi hússins.
Þrjár byggingar eru á lóðinni, stærst er íbúðarhúsið sem er syðst á lóðinni byggt 1944, nyrst á lóðinni var byggt útihús árið 1946, á miðri lóð var byggður bílskúr árið 1975.
Gerðar hafa verið breytingar á húsnæðinu og því breytt með því sjónarmiði að leigja það út sem gistirými, íbúðarhúsnæðið 2011, bílgeymslu breytt í samtengd viðarsmáhýsi 2012, og útihúsinu breytt í bústað 2014.
Húsið þarfnast viðhalds en smáhýsin og bústaðurinn virðast í góðu ástandi. Steniklæðning og skyggni yfir báðum dyrum rýra ásýnd hússins.
Malarplan á lóð fyrir bílastæði og malbikaður stígur að bústað.
Bakvið hús er gámur sem rýrir ásýnd umhverfis.
Húsið er í töluverðri fjarlægð frá Skagabraut og nágrannahúsum. Það stendur ásamt meðfylgjandi nýrri mannvirkjum, smáhýsum og bústað, í þyrpingu í landslaginu, búsetulandslag sem einkennir Útgarð.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Einfalt íbúðarhús. Breytingar og útveggjaklæðning rýra ásýnd. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Íbúðarhús. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Er hluti af búsetulandslagi Útgarðs. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Breytingar síðari tíma og klæðning rýra upprunaleika. |
| Tæknilegt ástand: | Lágt | Húsið þarfnast viðhalds. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Hefur varðveislugildi sem hluti af búsetulandslagi á svæðinu. |
| Verndarflokkar: | | |
| | Varðveisluverð heild - gulur litur á korti | |

Upphafleg notkun: Íbúð

Hönnuður:

Núverandi notkun: Íbúð





| **Gerð húss:** | **Upphafleg:** | **Núverandi:** | **Helstu breytingar:** | **Hönnuðir breytinga:** |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur | Timbur | | |
| Útveggir: | | Plast | | |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak | | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útlit: | Einlyft<br>Viðbygging<br>Bílskúr | Einlyft<br>Viðbygging<br>Bílskúr | | |

## Saga

Dagmar Árnadóttir og Þorsteinn Einarsson skipsstjóri, útgerðarmaður og hreppsstjóri keyptu húsið nánast fullbyggt og bjuggu á Skiphóli frá árinu 1973.
Húsið er úr timbri með plastklæðningu en kjallarinn er steyptur. Sunnan- og vestanmegin við húsið eru steyptar útitröppur og stétt.
Tvöfaldur bílskúr stendur norðvestur af húsinu og tengist íbúðarhúsinu með stökum vegg.
Teikningar af húsinu frá árinu 1968 eru til og áritaðar af Sigurði Guðmundssyni og Halldóri Halldórssyni. Á þeim kemur fram að bílskúrinn sé austan við húsið en í raun er hann vestan við húsið.
Húsið er hluti götumyndar.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Látlaust íbúðarhús. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Íbúðarhús. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Er hluti af götumynd |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Nálægt upprunalegu útliti fyrir utan klæðningu. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsið er í mjög góðu ástandi. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Hefur varðveislugildi sem hluti götumyndar. |

Verndarflokkar:

Varðveisluverð heild - gulur litur á korti

Upphafleg notkun: Íbúð
Hönnuður: Núverandi notkun: Íbúð





## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur | Timbur | 1990 Viðbygging | Magnús F. Hjelm, |
| Útveggir: | Bárujárn | ýmissk. timburkl. og álkl. | | |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak | | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | | | | |
| Útlit: | Einlyft | Einlyft<br>Viðbygging<br>Skúr á lóð | | |

## Saga

Timburhús klætt mörgum mismunandi klæðningum og efnum, rýrir það ásýnd hússins. Húsið hefur tekið miklum breytingum í tímans rás. Húsið þarfnast viðhalds.
Norðan við húsið er viðbygging. Teikningar sem sýna viðbygginguna eru frá árinu 1990 og eru áritaðar af Magnúsi F. Hjelm og Sigmari Hjelm TV. GTH
Sunnan við húsið er timburpallur með heitum potti og timburveggjum. Malarplan fyrir utan hús. Norðan við húsið er afgirt hundagerði. Á lóðinni stendur geymsla sem er klædd bárujárni og er í slæmu ástandi. Á lóð er einnig stór gámur og það ásamt ófrágenginni lóð og slæmri umhirðu rýrir ásýnd umhverfis.
Húsið er hluti götumyndar.
Húsið er meira en 100 ára gamalt og þ.a.l. friðað.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Lágt | Látlaust íbúðarhús. Útveggjaklæðning og efnisval rýrir ásýnd. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Íbúðarhús. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Er hluti af götumynd |
| Upprunalegt gildi: | Lágt | Seinni tíma viðbyggingar og klæðning rýra upprunaleika. |
| Tæknilegt ástand: | Lágt | Húsið er í slæmu ástandi. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Hefur varðveislugildi sökum aldurs og staðsetningar. |

Verndarflokkar:

Friðuð hús - fjólublár litur á korti

Upphafleg notkun: Íbúð

Hönnuður: Núverandi notkun: Íbúð





| **Gerð húss:** | **Upphafleg:** | **Núverandi:** | **Helstu breytingar:** | **Hönnuðir breytinga:** |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur og steypa | Timbur og steypa | 1940 Geymsla | |
| Útveggir: | | Forskalað | | |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak | | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útlit: | Einlyft<br>Ris<br>Reykháfur | Einlyft<br>Ris<br>Viðbygging<br>Geymsla á lóð<br>Reykháfur | | |

## Saga

Íbúðarhúsið ásamt sambyggðri geymslu norðan við húsið var byggt úr timbri 1927. Árið 1940 var byggð stór geymsla úr timbri og steypu sem hýsti fjós/hlöðu norðan við húsið.
Þorleifur Ingibergsson og Júlíana Hreiðarsdóttir byggðu húsið og bjuggu þar.
Skreytingar eru á vindskeiðum íbúðarhúss.
Steinhleðslur eru á lóð og torfgeymsla.
Húsið og útigeymslan þarfnast viðhalds.
Það er áberandi í umhverfi sínu og stendur eitt í landslaginu, búsetulandslag sem einkennir Útgarð.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Frekar reisulegt hús en slæmt ástand rýrir ásýnd. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Hluti af menningarsögu Garðs. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Hluti af búsetulandslagi |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Viðbygging rýrir upprunaleika. |
| Tæknilegt ástand: | Lágt | Ástand er slæmt og bæði íbúðarhúsið og útigeymslan þarfnast viðhalds. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Hefur varðveislugildi vegna menningarsögu. |
| Verndarflokkar: | | |
| | Götumynd - rauður litur á korti | |

Upphafleg notkun: Íbúð

Hönnuður: Núverandi notkun: Íbúð



*Gömlu Blómsturvellirnir.*



## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur | Timbur | 1978 Viðbygging | |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak | | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | | | | |
| Útlit: | Einlyft<br>Ris | Einlyft<br>Ris<br>Viðbygging | | |

## Saga

Fyrstu eigendur hússins voru Þorkell Hreiðarsson Skaftfjeld og Þórunn Jónsdóttir Skaftfjeld.
Engar teikningar eru til af húsinu. Austurhluti hússins mögulega seinni tíma stækkun.
Húsið er klætt ómáluðu nýlegu bárujárni. Húsið er í góðu ástandi. Timburviðbygging er norðan við húsið og rýrir hún ásýnd hússins.
Húsið er hluti götumyndar.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Lágt | Látlaust íbúðarhús. Seinni tíma breytingar rýra ásýnd. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Íbúðarhús. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Er hluti af götumynd. |
| Upprunalegt gildi: | Lágt | Viðbygging rýrir upprunaleika. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsið er í góðu ástandi. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Hefur varðveislugildi sem hluti götumyndar. |

Verndarflokkar:

Umsagnarskyld hús - appelsínugulur litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti

Upphafleg notkun: Íbúð

Hönnuður:

Núverandi notkun: Íbúð





## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur | Timbur | 1942 Geymsla, fyrrum útihús | |
| Útveggir: | Bárujárn | Trapisustál | | |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak | 1968 Geymsla, fyrrum útihús | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | | | | |
| Útlit: | Einlyft<br>Kjallari<br>Ris | Einlyft<br>Ris<br>Kjallari<br>Viðbygging<br>Útigeymslur | | |

## Saga

Engar teikningar eru til af húsinu.
Guðlaugur Oddsson útvegsbóndi og fiskimatsmaður byggði húsið. Fyrrum hjáleiga frá Útskálum.
Húsið er klætt trapísustáli, klæðning og gluggar í slæmu ástandi. Viðbygging með málaðri viðarklæðningu á norðausturhorni hússins.
Viðbyggingin er ólöguleg í formi og einkennilega staðsett, hún rýrir ásýnd hússins. Steypt plan fyrir framan hús.
Tvær geymslur eru á lóðinni og eru þær í slæmu ástandi.
Húsið er hluti af búsetulandslagi Útgarðs.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Reisulegt timburhús. Viðbygging og ástand rýra ásýnd. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Íbúðarhús. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Er hluti af búsetulandslagi Útgarðs. |
| Upprunalegt gildi: | Lágt | Viðbygging rýrir upprunaleika. |
| Tæknilegt ástand: | Lágt | Húsið og geymslur þarfnast viðhalds. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Hefur varðveislugildi sem hluti af búsetulandslagi á svæðinu. |

Verndarflokkar:

Götumynd - rauður litur á korti

Upphafleg notkun: Íbúð
Hönnuður: Núverandi notkun: Íbúð





## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur | Timbur | 1978 Geymsla | |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak | 1994 Viðbygging og þakkvistir | Brynjólfur Guðmundsson, Verkfræðingur |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útlit: | Einlyft<br>Kvistir<br>Ris<br>Kjallari<br>Reykháfur | Einlyft<br>Kvistir<br>Ris<br>Reykháfur<br>Útitröppur<br>Viðbygging<br>Kjallari | | |

## Saga

Júlíus Rósant Guðlaugsson byggði húsið og bjó þar ásamt konu sinni Sigríði Helgadóttur.
Árið 1994 var húsið allt endurbyggt, viðbygging reist við vesturhlið hússins og kvistar settir á þakið. Hugsanlega var húsið hækkað í þessum framkvæmdum, þ.e.a.s. kjallarinn hækkaður.
Kjallarinn er steyptur en að öðru leyti er aðalbyggingarefni hússins timbur. Geymsla stendur á lóð vestan við húsið. Útigeymslan er í slæmu ástandi. Steyptar útitröppur og stór timburverönd með veggjum.
Húsið þarfnast viðhalds en þakið virðist fremur nýlegt. Viðhaldsframkvæmdir hafa staðið lengi yfir.
Húsið er í töluverðri fjarlægð frá Skagabraut og nágrannahúsum. Það er áberandi í umhverfi sínu og stendur eitt í landslaginu, búsetulandslag sem einkennir Útgarð.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Reisulegt íbúðarhús en viðbygging er ólík upprunalegu húsi og rýrir ásýnd. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Íbúðarhús. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Er áberandi í umhverfi sínu. Gildi felst í staðsetningu hússins í umhverfinu. Er hluti af búsetulandslagi Útgarðs. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Viðbygging rýrir upprunaleika. |
| Tæknilegt ástand: | Lágt | Viðhaldsframkvæmdir hafa staðið lengi yfir. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Hefur varðveislugildi sem hluti af búsetulandslagi á svæðinu og út frá gerð. |
| Verndarflokkar: | | |
| | Götumynd - rauður litur á korti | |

Upphafleg notkun: Íbúð
Hönnuður:
Núverandi notkun: Íbúð





## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt | 1925 Geymsla | |
| Útveggir: | | Timbur | | |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak | 1950 Geymsla | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt | 1969 Bílskúr | |
| Útlit: | Einlyft<br>Reykháfur<br>Kjallari | Einlyft<br>Reykháfur<br>Útitröppur<br>Viðbygging<br>Kjallari<br>Útigeymslur<br>Bílskúr | | |

## Saga

Hólavellir eru elsta steinsteypta íbúðarhúsið í Útgarði.
Stefán Halldórsson byggði húsið og bjó þar alla sína tíð.
Húsið var endurbyggt af metnaði árið 2017 af núverandi eigendum. Húsið er viðarklætt fyrir utan kjallara sem er klæddur máluðum steniplötum.
Skreytingar eru á vindskeiðum. Glugga- og hurðafaldar.
Húsið er byggt úr steypu en viðbygging á vesturhlið er úr timbri. Sú viðbygging byggir á eldri grunni, fyrst var þar bíslag og svo skúr þar sem m.a. var reiðhjólaverkstæði.
Norðan við húsið er geymsla úr timbri (kallast útihús á teikningum) í ágætu ástandi fyrir utan þakið, var upphaflega fjós og er frá 1925. Vestan við þessa geymslu er skúr úr timbri sem er í slæmu ástandi. Fyrir liggja samþykktar teikningar til að endurbyggja hann og stækka og nýta til þjónustu. Á lóð stendur gámur.
Húsið er í töluverðri fjarlægð frá Skagabraut og nágrannahúsum. Það er áberandi í umhverfi sínu og stendur eitt í landslaginu, búsetulandslag sem einkennir Útgarð.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Látlaust íbúðarhús sem hefur verið stækkað. Útveggjaklæðning á kjallara rýrir ásýnd. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Íbúðarhús. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Er áberandi í umhverfi sínu. Gildi felst í staðsetningu hússins í umhverfinu. Er hluti af búsetulandslagi Útgarðs. |
| Upprunalegt gildi: | Lágt | Viðbygging og klæðning rýrir upprunaleika. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Húsið er í góðu ástandi. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Hefur varðveislugildi sem hluti af búsetulandslagi á svæðinu. |

Verndarflokkar:

Umsagnarskyld hús - appelsínugulur litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti

Hönnuður:

Upphafleg notkun: Útihús
Núverandi notkun: Byggðasafn





## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt | 2017 Viðbygging | Ingiþór Björnsson, Byggingatæknifræðingur |
| Útveggir: | Ómúrað | Múrsléttað | | |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak | 2005 Viðbygging | Ingiþór Björnsson, Byggingatæknifræðingur |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útlit: | Einlyft<br>Ris | Tvílyft<br>Ris<br>Svalir<br>Viðbygging | | |

## Saga

Elsti hluti hússins, sem er vesturhlutinn í dag, var útihús (fjós og hlaða) sem tilheyrði búi vitavarðarins og Sigurbergur Þorleifsson vitavörður lét byggja á sínum tíma. Vita- og hafnamálastofnun átti húsin og notaði sem geymsluhúsnæði.
Árið 1995 opnaði byggðasafnið í þessu húsnæði þar sem það er enn starfrækt. Húsið var stækkað mikið til austurs þegar gerð var viðbygging á tveimur hæðum, með steyptum útveggjum og stálgrind fyrir inniveggi. Viðbyggingin sem hýsir nýjan og stærri sýningarsal ásamt veitingastað var tekin í notkun á 10 ára afmæli safnsins, árið 2005.
Til eru samþykktar teikningar frá árunum 2004-2017 fyrir minni háttar breytingum.
Árið 2017 bættist við lítil viðbygging á austurhlið nýjasta hluta byggingarinnar, sem hýsir snyrtingar á jarðhæð og svalir á annari hæð.
Þök byggingarinnar eru klædd ómáluðu nýlegu bárujárni.
Húsið er hluti af heild vestast í Útgarði sem samanstendur af byggðasafninu, vitunum og vitavarðahúsinu.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Lágt | Viðbygging er umfangsmikil. Form og hlutföll hennar mættu falla betur að eldri hluta. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Hluti af menningarsögu Garðs. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Hluti af heild með vitum og vitavarðahúsi. |
| Upprunalegt gildi: | Lágt | Viðbygging rýrir upprunaleika. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsið er í góðu ástandi. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Hefur varðveislugildi sem hluti af heild á svæðinu. |
| Verndarflokkar: | | |
| | Varðveisluverð heild - gulur litur á korti | |

Upphafleg notkun: Vitavarðahús
Hönnuður: Einar Erlendsson og Axel Sveinsson
Núverandi notkun: Menningarstarfsemi





## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt | 1950 Viðbygging, turn. | Einar Erlendsson og Axel Sveinsson, Arkit. / verkfr. |
| Útveggir: | Múrsléttað | Múrhúð | | |
| Þakgerð: | Valmaþak | Valmaþak | | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útlit: | Einlyft<br>Ris<br>Útitröppur<br>Kjallari | Einlyft<br>Tvílyft<br>Ris<br>Turn<br>Útitröppur<br>Viðbygging<br>Kjallari | | |

## Saga

Garðskagi var einn þeirra vitastaða þar sem vitavörður hafði fasta búsetu og stóð svo fram til 1979. Byggðasafn Gerðahrepps er starfrækt í útihúsum þeim sem tilheyrðu búi vitavarðarins.
Vitavarðahúsið skiptist í tvo hluta, íbúðarhús sem var byggt 1933 og turn sem var byggður 1951 sem miðunarstöð og er sambyggður.
Turninn hýsti miðunarstöð í nokkur ár, þar til önnur tækni tók við.
Húsið er í frekar slæmu ástandi, en þakið er klætt ómáluðu nýlegu bárujárni.
Síðasti vitavörðurinn var Guðni Ingimundarson en hann hætti störfum árið 2004.
Húsið er hluti af heild vestast í Útgarði sem samanstendur af byggðasafninu, vitunum og vitavarðahúsinu.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Hátt | Óhefðbundið hús. Fágætisgildi. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Hluti af menningarsögu Garðs og sögu vita á Íslandi. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Hluti af þyrpingu með Garðskagavita og byggðarsafninu. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Turn sem er byggður síðar rýrir upprunaleika. |
| Tæknilegt ástand: | Lágt | Húsið er í slæmu ástandi fyrir utan þakið. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Hefur varðveislugildi af sögulegum ástæðum, út frá gerð og vegna staðsetningar í umhverfinu. |

Verndarflokkar:

Götumynd - rauður litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti

Upphafleg notkun: Íbúð

Hönnuður:

Núverandi notkun: Íbúð





| **Gerð húss:** | **Upphafleg:** | **Núverandi:** | **Helstu breytingar:** | **Hönnuðir breytinga:** |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur | Timbur | | |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn og viðarklæðning | | |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak | | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | | | | |
| Útlit: | Einlyft | Einlyft | | |

## Saga

Engar teikningar eru til af húsnæðinu.
Sennilega hefur húsið verið stækkað í áföngum.
Smáhýsi úr timbri er vestan við húsið.
Steypt stétt norðan við hús og viðarpallur með háum skjólveggjum. Við austur- og suðurhlið húss er lægra timburgrindverk.
Viðhaldsframkvæmdir eru í gangi og verið er að klæða húsið með viðarklæðningu. Þak virðist nýlegt.
Húsið er hluti af þyrpingu húsa við Akurhúsaveg. Það stendur eitt í landslaginu, búsetulandslag sem einkennir Útgarð.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Lágt | Einfalt hús með breytingum. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Hluti af menningarsögu Garðs. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Er hluti af búsetulandslagi Útgarðs. |
| Upprunalegt gildi: | Lágt | Viðbyggingar rýra upprunaleika. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Viðhaldsframkvæmdir eru í gangi. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Hefur varðveislugildi vegna menningarsögu. |

Verndarflokkar:

Umsagnarskyld hús - appelsínugulur litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti

Upphafleg notkun: Viti

Hönnuður: Axel Sveinsson

Núverandi notkun: Viti





| **Gerð húss:** | **Upphafleg:** | **Núverandi:** | **Helstu breytingar:** | **Hönnuðir breytinga:** |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útveggir: | Ljóst kvars | Kústað | | |
| Þakgerð: | | | | |
| Þakklæðning: | | | | |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útlit: | Fimm hæðir eða fleiri<br>Turn<br>Útitröppur | Fimm hæðir eða fleiri<br>Turn<br>Útitröppur | | |

## Saga

Nýi Garðskagavitinn var byggður árið 1944 og stendur á fornu akurlandi sem var úthlutað úr landi Útskála. Vitinn sem er meira en helmingi hærri en sá eldri setur sterkan svip á umhverfi Útgarðs ásamt gamla vitanum. Nýi vitinn var hannaður af Axel Sveinssyni verkfræðingi og byggður til að koma í stað þess gamla sem þótti of lágur og var einnig í hættu vegna landbrots. Vitinn er tæpir 29 m hár og er því hæsti viti landsins.
Hinn sívali kóníski steinsteyputurn er með ljóshúsi sem er ensk smíð. Vitinn var húðaður með ljósu kvarsi í upphafi en var kústaður með hvítu viðgerðar- og þéttiefni árið 1986.
Í fyrstu voru notuð ljóstækin úr eldri Garðskagavitanum en árið 1946 var vitinn rafvæddur.
Húsið er hluti af heild vestast í Útgarði sem samanstendur af byggðasafninu, vitunum og vitavarðahúsinu.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Hátt | Áberandi og stílhrein bygging byggð af metnaði. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Hluti af menningarsögu Garðs. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Eitt af helstu kennimerkjum Garðs og hluti af heild. Afgerandi í umhverfi sínu vegna stærðar. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Upprunalegt útlit fyrir utan útveggjafrágang. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Vitinn er í mjög góðu ástandi. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Hefur mikið varðveislugildi vegna menningarsögu, byggingarlistar og umhverfis. |
| Verndarflokkar: | | |
| | Götumynd - rauður litur á korti | |

Upphafleg notkun: Viti
Hönnuður:
Núverandi notkun: Menningarstarfsemi





| **Gerð húss:** | **Upphafleg:** | **Núverandi:** | **Helstu breytingar:** | **Hönnuðir breytinga:** |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt | Viðbygging. | |
| Útveggir: | Múrsléttað | Múrsléttað | | |
| Þakgerð: | | | | |
| Þakklæðning: | | | | |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útlit: | Fimm hæðir eða fleiri | Fimm hæðir eða fleiri | | |

## Saga

Garðskagaviti eldri er elsta steinsteypta byggingin í Útgarði og með þeim elstu á landsvísu.
Þar sem gamli vitinn stendur var áður leiðarmerki eða varða frá árinu 1847 og síðar með ljóskeri frá 1884.
Vitinn var byggður árið 1897 á Garðskagatá, í umsjá dönsku vitamálastofnunarinnar og hannaður af starfsmönnum hennar. Þegar hann var byggður var hann um hundrað metra uppi í landi, í dag er hann á skeri við flæðarmálið. Landbrot var svo ört að árið 1912 varð að gera gangbrú út í vitann en þegar brim voru mikil gat vitavörður hæglega orðið veðurtepptur úti í vitanum.
Vitinn er steinsteyptur, ferstrendur 11 m. hár turn. Ljóshúsið var úr járnsteypu, það var nýlega endurnýjað. Varðklefi úr timbri var byggður utan á vitann en steinsteypta viðbyggingin sem enn stendur var reist í hennar stað.
Notkun vitans var hætt haustið 1944 þegar nýi Garðskagavitinn var tekinn í notkun. Vitinn var notaður sem fuglaathugunarstöð á vegum Náttúrufræðistofnunar Íslands 1962-1978. Nú er hann innréttaður sem kaffihús.
Vitinn var friðaður árið 2003.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Hátt | Stílhreinn og svipsterkur. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Mikilvægur í sögu svæðisins. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Kennileiti sem er skemmtilega staðsett í tengslum við fjöruna og í góðu samhengi við nýja vitann og byggðasafnið. Áberandi bygging sem setur svip sinn á umhverfið. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Hefur upprunalegt yfirbragð þó ljóshúsið hafi verið fjarlægt og varðklefinn breyttur. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Ástand er mjög gott. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Hefur varðveislugildi vegna aldurs, menningarsögu, byggingarlistar og umhverfis. |
| Verndarflokkar: | | |
| | Friðlýst hús - blár litur á korti | |

Upphafleg notkun: Íbúð

Hönnuður:

Núverandi notkun:





## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur | Timbur | Viðbygging | |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak | | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | | | | |
| Útlit: | Ris<br>Einlyft<br>Reykháfur | Einlyft<br>Inngönguskúr (bíslag)<br>Kvistir<br>Ris<br>Svalir<br>Útitröppur<br>Viðbygging<br>Kjallari<br>Portbyggt | | |

## Saga

Útskálaprestsetrið er eitt elsta prestsetur landsins og hefur menningarsögulegt gildi. Endurbyggingu hússins er lokið að utan og húsið hefur verið fært í upprunalegra horf. Til stendur að endurgera innviði hússins líka og verða gerðar breytingar á innra skipulagi m.a. til að mæta nútímakröfum og þannig að húsnæðið nýtist sem best.
Burðarvirki útveggja er úr timbri (timburgrind) en á milli stoða var steypa sem hefur verið fjarlægð. Timburveggir hvíla á hlöðnum / steyptum útveggjum kjallara. Kjallaragólf er steypt en milliloft annara hæða eru borin af timburbitum sem hvíla á útveggjum ásamt miðvegg hússins. Hlaðinn skorsteinn úr múrsteini hefur verið fjarlægður. Kjallaragólf hefur verið dýpkað. Skreytingar eru á húsinu, á vindskeiðum, á böndum undir þakskeggi, fyrir ofan glugga og á glugga- og hurðaföldum.
Til eru samþykktar teikningar frá árinu 2006 og eru þær ekki í samræmi við útlit hússins eftir endurbyggingu. Endurbygging hússins er myndarlegt framtak og vandað hefur verið til verka. Lóðarfrágangi upp við hús er ólokið.
Húsið er í töluverðri fjarlægð frá Skagabraut og nágrannahúsum fyrir utan kirkjuna. Það er áberandi í umhverfi sínu og hefur einstaka stöðu í bæjarmyndinni.
Húsið er meira en 100 ára gamalt og þ.a.l. friðað.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Hátt | Reisulegt og myndarlegt hús í góðum hlutföllum. Endurbygging gamla prestsetursins er til sóma. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Hluti af menningarsögu svæðisins og á ásamt kirkjunni sem kirkjustaður mikla og langa sögu. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Er ekki hluti götumyndar en hefur engu að síður einstaka stöðu í umhverfinu og bæjarmyndinni, við Útskálakirkju. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Hefur upprunalegt yfirbragð þrátt fyrir breytingar. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Ytra byrði í mjög góðu ástandi. Til stendur að endurgera innviði hússins. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Hefur mikið varðveislugildi vegna aldurs, menningarsögu, byggingarlistar og umhverfis. |

Verndarflokkar:

Friðuð hús - fjólublár litur á korti

Hönnuður: Einar Jónsson

Upphafleg notkun: Kirkja
Núverandi notkun: Kirkja





| **Gerð húss:** | **Upphafleg:** | **Núverandi:** | **Helstu breytingar:** | **Hönnuðir breytinga:** |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur | Timbur | 1895 Stækkun og forkirkja reist | Jóhannes Böðvarsson, |
| Útveggir: | | Bárujárn | | |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak | 1975 Forkirkjan stækkuð | |
| Þakklæðning: | | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | Hlaðin úr tilhöggnu grjóti | Hlaðin úr tilhöggnu grjóti | | |
| Útlit: | Einlyft<br>Turn | Einlyft<br>Turn<br>Skreytingar á hæðarskilslista á turni | | |

## Saga

Kirkja hefur líklega verið á Útskálum frá fyrstu tíð, hennar er fyrst getið í kirknaskrá Páls biskups frá um 1200.
Útskálar voru eitt mesta höfuðból á Suðurnesjum, kirkjustaður og prestsetur. Útskálakirkja er úr timbri og reist á hlöðnum grunni á árunum 1861-63 að frumkvæði sóknarprestsins, síra Sigurðar B. Sívertsens (1808-1887), hann var prestur í Útskálum í tæplega hálfa öld. Hönnuður var Einar Jónsson frá Brúarhrauni. Kirkjan er með sönglofti, forkirkju og turni og tekur um 200 manns í sæti.
Árið 1895 var hún lengd til austurs og forkirkja reist. Hönnuður þessara breytinga var Jóhannes Böðvarsson frá Útskálum.
Árið 1975 var forkirkjan stækkuð og þar komið fyrir snyrtingu, geymslu og skrúðhúsi.
Að innan er kirkjan máluð og skreytt af Áka Granz, málarameistara.
Eins og sjá má á eldri ljósmynd hér að ofan var steinhleðsluveggur sunnan við kirkjuna. Í stað hans kom steyptur veggur, sem nær líka umhverfis kirkjuna á vesturhlið. Þessi steypti veggur þarfnast viðhalds. Norðan við kirkjuna er steinhleðsluveggur í góðu ástandi. Steypt aðkomustétt fyrir framan kirkjuna þarfnast viðhalds. Gluggar þarfnast málningu og bárujárnsklæðning er farin að láta á sjá.
Kirkjan er af yngri turngerð og var friðuð árið 1990.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Hátt | Gott dæmi um kirkju frá þessum tíma, einföld og í ágætum hlutföllum. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Hluti af menningarsögu svæðisins og á sem kirkjustaður mikla og langa sögu. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Er ekki hluti götumyndar en hefur engu að síður einstaka stöðu í bæjarmyndinni og umhverfinu, við Útskálaprestsetrið og tjörn. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Hefur upprunalegt yfirbragð þrátt fyrir stækkun. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Er í ágætu ástandi en þó er kominn tími á reglubundið viðhald. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Hefur mikið varðveislugildi vegna aldurs, menningarsögu, byggingarlistar og umhverfis. |
| Verndarflokkar: | | |
| | Friðlýst hús - blár litur á korti | |

Hönnuður:

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð


Séð til Akurhúsa.



## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur | Timbur | 1979 Kvistir settir á húsið. | Bergmann Þorleifsson, |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak með kvistum | | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | | | | |
| Útlit: | Einlyft<br>Ris | Tvílyft<br>Kvistir | | |

## Saga

Settir voru kvistir sitt hvoru megin við mæni árið 1979.
Reisulegt hús í slæmu ástandi og þarfnast viðhalds.
Húsið er hluti af þyrpingu húsa við Akurhúsaveg. Það er áberandi í umhverfi sínu og stendur eitt í landslaginu, búsetulandslag sem einkennir Útgarð.
Húsið er meira en 100 ára gamalt og þ.a.l. friðað.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Reisulegt íbúðarhús í góðum hlutföllum. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Eitt af elstu húsunum á svæðinu. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Er áberandi í umhverfi sínu. Er hluti af búsetulandslagi Útgarðs. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Kvistir rýra upprunaleika |
| Tæknilegt ástand: | Lágt | Húsið er í slæmu ástandi. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Hefur mikið varðveislugildi vegna aldurs, menningarsögu og umhverfis. |

Verndarflokkar:

Friðuð hús - fjólublár litur á korti

Upphafleg notkun: Íbúð
Hönnuður: Núverandi notkun: Íbúð



Séð til Akurhúsa.



## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur | Timbur | Kvistir og stækkun | |
| Útveggir: | | Flísar ljósar | | |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak með kvistum | | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útlit: | Einlyft<br>Ris<br>Reykháfur<br>Kjallari | Einlyft<br>Kvistir<br>Ris<br>Kjallari<br>Bílskúr | | |

## Saga

Á eldri ljósmynd má sjá byggðina á Akurhúsum eins og þau voru. Fyrir miðri mynd stendur torfbærinn (farin), við hlið hans er útihúsið (bílskúr í dag), svo næst til hægri kemur hjallur (farinn) og lengst til hægri er íbúðarhúsið sem stendur enn í dag, timburhús með steyptum kjallara. Samanburður við gamla ljósmynd sýnir að kvistir hafa verið settir á íbúðarhúsið og húsið stækkað. Talið er að þessar breytingar hafi átt sér stað í kringum árið 1978 og hafi tekið nokkur ár.
Jórunn Ólafsdóttir og Þorlákur Benediktsson bjuggu í Akurhúsum og ráku lengi verslun þar. Fyrir 1932 var verslunin í gamla torfbænum eða í sérstöku húsi sem nú er horfið. Verslunin var starfrækt á árunum 1921-1972. Á byggðasafninu í Garði má finna afgreiðsluborð, hillur, bókhaldsgögn og fleiri muni úr versluninni.
Stæðilegt íbúðarhúsið stendur á háum steyptum sökkli. Íbúðarhæðin er úr timbri og þakhæð undir súð að hluta. Heimilið var á efri hæðum og verslunin í kjallaranum. Steypt stétt var umhverfis húsið og steyptar tröppur upp á hæðina og ofan í kjallarann. Vindmylla til rafmagnsframleiðslu austur á túni með góðan aðgang að vindi. Vatn var leitt í húsið úr brunni og steypt þró tengd frárennsli hússins. Í stóra útihúsinu var fjós og hlaða ásamt vinnuaðstöðu búsins. Eftir að hætt var með kýr í húsinu rak Jórunn þar eggjabú lengi. Í hjallinum sem nú er horfinn var vörugeymsla fyrir verslunina. Í gamla bænum var búið, oft án þess að tekin væri leiga.
Engar teikningar eru til af húsnæðinu.
Stór bílskúr er vestan við íbúðarhúsið og steypt stétt á milli.
Húsið er hluti af þyrpingu húsa við Akurhúsaveg. Steyptur sökkull með timburgrindverki á lóð.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Stæðilegt hús. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Hluti af menningarsögu Garðs. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Húsið er áberandi í umhverfi sínu og hluti af heild við Akurhúsaveg. Er hluti af búsetulandslagi Útgarðs. |
| Upprunalegt gildi: | Lágt | Kvistir, útlitsbreytingar og útveggjaklæðning rýra upprunaleika. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsið er í frekar góðu ástandi og viðhaldsframkvæmdir virðast vera í gangi. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Hefur varðveislugildi sem hluti af heild á svæðinu. |
| Verndarflokkar: | | |
| | Varðveisluverð heild - gulur litur á korti | |

Hönnuður:

Upphafleg notkun: Iðnaður
Núverandi notkun: Iðnaður




## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steypa og timbur | Steypa og timbur | 1975 Viðbygging | |
| Útveggir: | | Múr og bárujárn | | |
| Þakgerð: | Einhalla (skúrþak) | Einhalla (skúrþak) | | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útlit: | Einlyft | Einlyft<br>Viðbygging | | |

## Saga

Engar teikningar eru til af húsinu.
Saltverkunarhúsið var byggt 1972 úr steypu og timbri. Viðbygging var reist 1975 fyrir fiskverkunarhús.
Malarplan er sunnan við hús.
Húsið er hluti af þyrpingu iðnaðarhúsa við Akurhúsaveg.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Lágt | Einföld skemma. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Hluti af atvinnusögu Garðs. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Er hluti af heild. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Viðbygging rýrir upprunaleika. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Húsið er í ágætu ástandi. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Hefur varðveislugildi sem hluti af heild. |

Verndarflokkar:

Varðveisluverð heild - gulur litur á korti

Upphafleg notkun: Iðnaður
Hönnuður:
Núverandi notkun: Iðnaður





## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steypa og timbur | Steypa og timbur | 1958 Bílskúr | |
| Útveggir: | | Bárujárn | | |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak | | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | | | | |
| Útlit: | Einlyft | Einlyft<br>Viðbygging<br>Skúr á lóð | | |

## Saga

Engar teikningar eru til af húsinu.
Húsið er frá árinu 1906 og árið 1958 bættist bílskúr við. Húsið er afar illa farið. Á lóð er skúr og gámur. Slæm umhirða á lóð rýrir ásýnd umhverfis.
Húsið er hluti af þyrpingu iðnaðarhúsa við Akurhúsaveg.
Húsið er meira en 100 ára gamalt og þ.a.l. friðað.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Lágt | Einföld bygging með breytingum. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Eitt af elstu húsunum á svæðinu. Hluti af atvinnusögu Garðs. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Er hluti af heild. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Viðbygging rýrir upprunaleika. |
| Tæknilegt ástand: | Lágt | Mjög slæmt ástand. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Hefur mikið varðveislugildi vegna aldurs, atvinnusögu og umhverfis. |
| Verndarflokkar: | | |
| | Friðuð hús - fjólublár litur á korti | |

Upphafleg notkun: Iðnaður
Hönnuður:
Núverandi notkun: Iðnaður





## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur | Timbur | | |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Þakgerð: | Mænisþ. og einhalla | Mænisþ. og einhalla | | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útlit: | Einlyft | Einlyft<br>Inngönguskúr (bíslag) | | |

## Saga

Útgerðin Von byggði húsið.
Engar teikningar eru til af húsnæðinu.
Timburhús sem samanstendur af tveimur hlutum, báðir byggðir árið 1964, með steyptum sökkli. Sá stærri hýsir fiskverkunarhús en sá minni starfsmannahús.
Malbikað plan sunnan við húsið. Á lóð eru gámar. Húsið þarfnast viðhalds, bárujárnsklæðning illa farin.
Húsið er hluti af þyrpingu iðnaðarhúsa við Akurhúsaveg.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Lágt | Einföld skemma. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Hluti af atvinnusögu Garðs. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Er hluti af umhverifsheild. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Ekki vitað. |
| Tæknilegt ástand: | Lágt | Húsið þarfnast viðhalds. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Hefur varðveislugildi vegna staðsetningar. |

Verndarflokkar:

Varðveisluverð heild - gulur litur á korti

Upphafleg notkun: Íbúð
Hönnuður: Núverandi notkun: Iðnaður





| Gerð húss: | Upphafleg: | Núverandi: | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur | Timbur | | |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak | | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | | | | |
| Útlit: | Einlyft | Einlyft<br>Smáhýsi á lóð | | |

## Saga

Þarna stóðu tvö fiskverkunarhús, annað þeirra er horfið. Skemman sem enn stendur er notuð sem trésmíðaverkstæði í dag. Á lóð, suðaustur af skemmunni, stendur timburbústaður, sennilega til flutnings.
Engar teikningar eru til af húsnæðinu.
Bárujárnsklæðning á útveggjum í ágætis ástandi en gluggar og hurð þarfnast viðhalds.
Húsið er hluti af þyrpingu iðnaðarhúsa við Akurhúsaveg.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Lágt | Einföld skemma. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Hluti af íbúðar- og atvinnusögu Garðs. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Er hluti af heild. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Ekki vitað |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Þarfnast viðhalds að hluta. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Hefur varðveislugildi sem hluti af heild. |
| Verndarflokkar: | | |
| | Varðveisluverð heild - gulur litur á korti | |

Upphafleg notkun: Sjóhús

Hönnuður:

Núverandi notkun: Menningarstarfsemi



Gömlu Lambastaðir



Sjóhús

| **Gerð húss:** | **Upphafleg:** | **Núverandi:** | **Helstu breytingar:** | **Hönnuðir breytinga:** |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | | | | |
| Útveggir: | | Bárujárn | | |
| Þakgerð: | | Einhalla (skúrþak) | | |
| Þakklæðning: | | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | | | | |
| Útlit: | | Einlyft | | |

## Saga

Lambastaðir voru kóngsjörð og ein mesta útvegsjörð í sveitinni á tímum áraskipanna. Byggð hefur verið lengi á Lambastöðum, m.a. er greint frá byggð þar í jarðabók sem tekin var saman 1703. Samkvæmt heimildum voru sárafá timburhús í Garðinum árið 1880, en vitað er að árið 1890 var komið tvílyft timburhús á Lambastöðum sem þótti mikil bygging. Gamli bærinn var fluttur undan sjó fyrir árið 1703 og nýi bærinn er sunnar á jörðinni, beint upp af gamla bænum.
Gömlu Lambastaðir (gult hús á eldri ljósmynd) sem stóð austan við sjóhúsið sem stendur þar eitt í dag, hefur nú verið rifið. Þar bjó Þorgeir Magnússon útvegsbóndi ásamt konu sinni Helgu Þorsteinsdóttur. Sonur þeirra Guðmundur byggði nýja húsið á Lambastöðum, Skagabraut 62a.
Sjóhúsið sem eftir stendur við Lambastaðavör er bárujárnsklætt á útveggjum og þaki og sökkullinn steyptur og einnig steinhleðsla. Árið 2009 var sjóhúsið gert upp og upplýsingaskilti sett upp með fróðleik um sögu svæðisins við Lambastaðavör. Þarna má sjá gamalt uppsátur, lendingarvör, gönguspil, vélknúið spil sem notað var síðustu árin sem opnum bátum var róið úr þessum vörum en þær eru 30 talsins meðfram ströndinni í Garðinum. Við sjóhúsið er gamall trébátur, steinhleðslur og annað sem tengist sjósókn fyrri tíma.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Lágt | Einföld bygging. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Hefur varðveislugildi vegna menningarsögu svæðisins. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Hefur varðveislugildi vegna staðsetningar. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Ekki vitað |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Húsið er í góðu ástandi. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Hefur varðveislugildi vegna menningarsögu. |
| Verndarflokkar: | | |
| | Varðveisluverð heild - gulur litur á korti | |

Upphafleg notkun: Fiskhús

Hönnuður:

Núverandi notkun:





| **Gerð húss:** | **Upphafleg:** | **Núverandi:** | **Helstu breytingar:** | **Hönnuðir breytinga:** |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timburgrind | Timburgrind | | |
| Útveggir: | | Bárujárn | | |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak | | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | | | | |
| Útlit: | Einlyft | Einlyft | | |

## Saga

Þessi hús ganga undir nafninu Oddsskúrar eftir Oddi Jónssyni útvegsbónda í Presthúsum sem byggði þau og átti þau í meira en 40 ár. Þarna var lengi útræði og Oddur sem var líklega síðastur að róa þaðan notaði húsin sem blautfiskhús. Í húsinu var verkaður fiskur allt þar til u.þ.b. 1970.
Inni í litlu hlöðnu húsi sem stendur sunnan við aðalhúsið lét Oddur gera borholu fyrir vatn í kringum 1965.
Suður af húsinu stóð áður bygging sem var samföst, lægri og lengri. Sá hluti hússins fauk burt í kringum 1978 en einn steyptur veggur stendur eftir af því.
Steyptar þrær standa enn inni í húsinu og einnig fyrir utan það.
Ásgeir Hjálmarsson barnabarn Odds, keypti Oddsskúra í kringum árið 1978 og átti til 1984 þegar Þorgeir keypti þá og notaði sem geymsluhús vegna útgerðar.
Bærinn á þessa eign í dag og leigir út.
Timburgrindin er í góðu ástandi sem og allir innviðir hússins. Ytri járnklæðning þarfnast viðhalds.
Húsið er eitt af mörgum sjóhúsum sem stóðu á sjávarbakkanum í Garði. Eins og sjóhúsið sem hefur verið varðveitt á Lambastöðum hafa Oddsskúrar varðveislugildi af sögulegum ástæðum.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Lágt | Einföld bygging. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Hefur varðveislugildi vegna atvinnusögu Garðs. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Stendur á fallegum stað við sjó og tjörn. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Ekki vitað. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Húsið er í nokkuð góðu ástandi, þ.e.a.s. timburgrind og innviðir. Bárujárnsklæðning er illa farin. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Hefur varðveislugildi vegna mikillar sögu í tengslum við fiskvinnslu. |
| Verndarflokkar: | | |
| | Varðveisluverð heild - gulur litur á korti | |

## Heimildir


-Aðalskipulag Sveitarfélagsins Garðs 2013-2030, Greinargerð janúar 2015. Kanon arkitektar og VSÓ Ráðgjöf.

-Ágústa Edwald (2008). *Fornleifar á Garðskaga*. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

-Birna Lárusdóttir og Orri Vésteinsson (2005). *Útskálar í Garði*. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands

-Jón Þ. Þór (1998). Gerðahreppur 90 ára. 1908 - 1998.

-Skipulagslög nr.123/2010.

-Skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

-Lög um verndarsvæði í byggð nr. 87/2015.

-Reglugerð um verndarsvæði í byggð 575/2016.

-Lög um menningarminjar nr. 80/2012.

-Leiðbeiningar Minjastofnun Íslands 3 Verndarsvæði í byggð tillaga og greinargerð Guðný Gerður Gunnarsdóttir. 2017.

-Útgarður, tillaga að deiliskipulagi, 2009. Teiknistofa G.J. og Suðaustanátta landslagsarkitektúr.

-Upplýsingar af heimasíðu Sveitarfélagsins Garðs.

-Embættismenn Sveitarfélagsins Garðs: Einar Friðrik Brynjarsson, Guðbjörg Gabríelsdóttir, Jón Ben Einarsson.

-Hörður Gíslason, fyrrum íbúi í Garði.

-Ásgeir Hjálmarsson, íbúi í Garði.

-Ljósmyndir (ef ekki er tilgreint við ljósmynd):

Kanon arkitektar,

Hreinn Magnússon

svgarður.is

Þjóðminjasafn Íslands, sarpur.is

Gömul mynd af Lambastöðum í eigu Magnúsar Gíslasonar

-Kirkjukort.net

-Sjóminjar.is

-Túnakort:

http://testbirting.manntal.is/default.

-Hörður Gíslason. 2015. Þú mátt kalla mig mömmu. *Skiphóll 2015* 38.árgangur: bls.26.